

Þriðjudaginn 15. maí 1984.

Nr. 188/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jakob Má Böðvarssyni

og

Gunnari Ragnari Gunnarssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum 65/1974. Ákæra.

Gæsluvarðhald. Réttarfarsvítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. september 1983 að því er varðar ákærðu Jakob Má Böðvarsson og Gunnar Ragnar Gunnarsson og samkvæmt ósk þeirra. Málinu er af hálfu ákærvalds áfrýjað til þyngingar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 23. mars sl.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu til refsíákvæða. Enn fremur þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, þó svo, að vararefsing hvorrar sektar sé 12 daga fangelsi og greiðslufrestur 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Gæsluvarðhaldsvist ákærðu stóð á sjötta sólarhring, og ber því að draga 6 daga frá refsivist hvors hinna ákærðu.

Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um upptöku að því er varðar ákærðu. Það athugast, að rétt hefði verið að tilgreina í ákæruskjali nákvæmlega magn þeirra fíkniefna, sem upptöku er krafist á, í stað þess að krefjast upptöku á þeim efnum, „sem hald var lagt á,“ en eigi þykir þó, eins og hér stendur á, ástæða til þess að vísa kröfunni frá vegna þessarar ónákvæmni.

Dæma ber ákærðu Jakob Má og Gunnar Ragnar til þess að greiða skipuðum verjanda sínum í héraði in solidum 4.000.00 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun. Í dómsorði héraðsdóms segir, að ákærðu skuli allir greiða málskostnað, en eigi er þar tilgreind

þóknun verjanda né hvernig ábyrgð ákærðu á greiðslu sakarkostnaðar skuli háttað, heldur er aðeins rætt um þetta í forsendum dómsins. Er málskostnaðarúrlausn þessi ófullkomin og eigi í samræmi við 1. mgr. 142. gr., 1. mgr. 143. gr. og niðurlagsákvæði 2. mgr. 166. gr. laga nr. 74/1974.

Þá ber að dæma ákærðu til þess að greiða in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar svo sem greinir í dómsorði.

Héraðsdómari tók mál þetta til dóms hinn 11. maí 1983, er skrifleg vörn hafði verið lögð fram. Leið svo fram til 5. ágúst. Þá hélt héraðsdómari dómþing og lagði fram ný gögn, m.a. skýrslur Rannsóknastofu í lyfjafræði um rannsókn á sýnum af efnum. Að svo búnu kvað dómari upp dóm í málinu. Dómaranum bar, er hann hafði lagt fram ný gögn, að kynna verjandanum þau og gefa honum kost á að flytja framhaldsvörn og að því búnu taka málið til dóms á ný. Þar sem það hefur komið fram við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að verjandinn hafi átt kost á að kynna sér gögnin, áður en hann skilaði vörn, þykir þetta þó ekki varða ómerkingu héraðsdóms en framangreind aðferð héraðsdómara og dráttur á dómsuppsögu eru aðfinnsluverð.

D ó m s o r ð :

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærðu eiga að vera óröskuð að öðru leyti en því, að 6 daga gæsluvarðhaldsvist skal draga frá refsivist hvors hinna ákærðu, og fyrir hvora sekt skal koma 12 daga fangelsi, ef þær verða ekki greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku er staðfest að því er ákærðu varðar.

Ákærðu greiði in solidum 4.000.00 krónur í málsvarnar- og réttargæslulaun til skipaðs verjanda síns í héraði, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmans.

Ákærðu greiði in solidum áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, 7.500.00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 5. ágúst 1983.

Ár 1983, föstudaginn 5. ágúst, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins af Guðmundi Benediktssyni ftr. við undirritaða votta og þá uppkveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 103/1983: Ákærvaldið gegn Jakob Má Böðvarssyni, A, Gunnari Ragnari Gunnarsyni og B.

Málið, sem dómtekið var 11. maí 1983, er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, dags. 7. febrúar 1983 á hendur:

1. Jakob Má Böðvarssyni, nema, Æsufelli 4, Reykjavík, fæddum þar í borg 21. febrúar 1961,

2. A...,

3. Gunnari Ragnari Gunnarssyni nema, Neðstabergi 7, Reykjavík, fæddum þar í borg 18. maí 1961, og

4. B...,

fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, framin á árinu 1982:

„I. — — —

II.

Öllum ákærðu er gefið að sök að hafa sameiginlega staðið að smygli á hassi hingað til lands í júlí: Ákærðu Jakob Már og Gunnar Ragnar lögðu fram fé til kaupa á efninu, kr. 10.000 hvor, og ákærðu B og A skipulögðu för A til Amsterdam þar sem hann keypti 280 gr af efninu, flutti falið í gítar til Reykjavíkur og afhenti ákærða B þar um 210 gr, en mismunurinn taldist eign A. Hlutur ákærða B taldist 105 gr og ákærðu Jakobs Más og Gunnars Ragnars rúm 50 gr hvors og seldi Jakob Már samtals um 45 gr af sínum skammti á kr. 215 hvert gramm og Gunnar Ragnar megnið af sínum efnishlut á kr. 220 hvert gramm.

III.

Ákærðu Jakob Má og Gunnari Ragnari er gefið að sök að hafa síðsumars haft til meðferðar og eigin nota um 112 gr af marihuana, en 7. september lagði lögreglan hald á 61 gr efnisins á heimili Gunnars Ragnars og 7 gr á heimili Jakobs Más.

IV.

Ákærðu Jakob Má, Gunnari Ragnari og A er gefið að sök að hafa í lok ágúst sammælst um og lagt fé til kaupa og innflutnings á hassi, Jakob Már lagði til kr. 19.000, Gunnar Ragnar kr. 11.000 og A kr. 10.000.

Ákærðu Jakob Már og Gunnar Ragnar keyptu um 1 kg efnisins í Amsterdam fyrir 4500 - 5000 gyllini og sendu 242 gr í pósti hingað til lands 29.

ágúst frá Brüssel, en er sendingin barst til Keflavíkurflugvallar 3. september lagði lögreglan hald á efnið. Eftirstöðvarnar földu ákærðu Jakob Már og Gunnar Ragnar í gítar, sem ákærði A hafði útbúið í þessu skyni og flutti þannig hingað til lands 3. september.

Þessu hasskilói sem hér um ræðir hugðust ákærðu Jakob Már, Gunnar Ragnar og A skipta með sér og hafði Jakob Már selt samtals um 30 gr á kr. 200 hvert gramm, er lögreglan hafði afskipti af ákærðu og lagði hald á um 389 gr efnisins á heimili Gunnars Ragnars 7. september og 262 gr á heimili A 9. s.m.“

Í ákæruskjali er ofangreind háttsemi talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og ákærðu Jakob Már, Gunnar Ragnar og A til að sæta upptöku samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laganna um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar hver um sig á sínum hluta þeirra fíkniefna, sem lagt var hald á, og ákærði A ennfremur á tveimur gíturum, sem notaðir voru við fíkniefnasmygl.

Verjandi gerir þær dómkröfur, að ákærðu hljóti þá vægustu refsingu, sem lög leyfa, að gæsluvarðhaldsvist komi að fullu til frádráttar refsingu hjá Jakob Má og Gunnari Ragnari og að honum verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Ákærðu eru allir sakhæfir og hafa sætt eftirtöldum refsingum:

— — —

Ákærði Jakob Már Böðvarsson:

1981 4/12 í Reykjavík, Sátt, 2.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 27/5 '81.

Ákærði Gunnar Ragnar Gunnarsson:

1978 í Reykjavík. Uppvís að broti g. 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 6/3 1978.

— — —

Í yfirheyrslum voru framburðir ákærðu Jakobs Mús og Gunnars Ragnars í fyrstu ónákvæmir og ósamhljóða, en samræmi náðist í lok rannsóknar. Þeir sættu hvor um sig 5 daga gæsluvarðhaldi, meðan á rannsókninni stóð. Breytilegir framburðir þeirra verða ekki raktir, aðeins játningar þeirra, þegar málið var upplýst orðið.

Málsatvikum er lýst sjálfstætt í sömu röð og þau koma fyrir í ákæru-skjali.

I. ákæruliður.

II. ákæruliður.

Í þessum ákærulið er öllum ákærðu gefið að sök að hafa staðið sameiginlega að hasssmygli hingað til lands í júlí 1982.

Ákærðu Jakob Már og Gunnar Ragnar játuðu við yfirheyrslu hjá lög-reglu 13. septemer sl., að hafa afhent meðákærða B 10.000 kr. hvor til kaupa á fíkniefnum, og kváðust þeir hafa fengið í byrjun júlí rúm 50 gr af hassi hvor frá meðákærða B fyrir þessi peningaframlög. Báðir kváðust þeir hafa selt megnið af því hassi, sem í þeirra hlut kom, Jakob Már á kr. 215 hvert gramm og Gunnar Ragnar á kr. 220 hvert gramm, en afgangs-ins kváðust þeir hafa neytt sjálfir.

Ákærði B staðfesti það í yfirheyrslum að hafa í júlí 1982 mótttekið frá þeim meðákærðu Jakob Má og Gunnari Ragnari samtals 20.000 kr. og afhent þeim svo nokkru seinna 105 gr af hassi fyrir þá upphæð. Þessar 20.000 kr. kvaðst ákærði B hafa látið ákærða A fá.

Eftir undirbúning þeirra beggja fór ákærði A að sögn ákærða B til Amsterdam til kaupa á hassi, sem hann flutti inn í landið, falið í gítar, sérstaklega útbúnum til þeirra nota. Kvaðst sá síðarnefndi hafa mótttekið 210 gr af hassi við heimkomu A. Hann kvaðst hafa neytt helmings þess efnis sjálfur, en eins og fram hefur komið, kvað hann meðákærðu Jakob Má og Gunnar Ragnar hafa fengið 105 gr af efninu.

Ákærði A kvað þá B hafa sammælst um, að hann færi til Amsterdam til kaupa á hassi, og kvað hann B hafa afhent sér 20.000 kr. af því tilefni, en sjálfur kvaðst hann ekkert fé hafa lagt fram til kaupanna. Hann kvaðst hafa keypt 280 gr af hassi í Amsterdam í júlí 1982 og smyglað því hingað til lands í gítar, sem var útbúinn með geymsluhólfi til þessara nota. Þennan gítar kvaðst ákærði A hafa smíðað sjálfur. Þegar til Íslands kom, kvaðst hann hafa afhent ákærða B meginhluta hassefnisins. Sjálfur kvaðst hann hafa fengið rúm 10% af efninu.

Við ákærubirtingu kváðu allir ákærðu atvikalýsingu vera rétta um sakar-efni það, sem hér hefur verið lýst og þá varðar. A kvaðst þó ekki hafa vitað um þátt Jakobs Mús og Gunnars Ragnars í málinu.

Lögreglan lagði hald á nefndan gítar við rannsókn málsins.

III. ákæruliður.

Í þessum ákærulið er ákærðu Jakob Má og Gunnari Ragnari gefið að sök að hafa síðsumars haft til meðferðar og eigin nota um 112 gr af mari-

huana, en 7. september lagði lögreglan hald á 61 gr efnisins á heimili Gunnars Ragnars og 7 gr á heimili Jakobs Mús.

Ákærði Jakob Már skýrði lögreglu þann 10. 9. frá kaupum sínum á 4 úsnum af marihuana í apríl 1982 í Bandaríkjunum, en á þeim tíma var hann skipverji á millilandaskipi. Þetta marihuanaefni kvað hann meðákærða Gunnar Ragnar hafa geymt og hafi þeir verið búnir að reykja um helming efnisins, þegar lögreglan lagði hald á afgang efnisins. Kvað hann hvorugan hafa selt neitt af þessu efni.

Ákærði Gunnar Ragnar viðurkenndi að hafa tekið við marihuanaefni til geymslu fyrir meðákærða Jakob Má í júní eða júlí 1982, og taldi hann það hafa verið um 80 gr að þyngd. Sagði hann þá hafa verið búna að reykja af efni þessu í nokkur skipti, þegar lögreglan lagði hald á efni þetta.

Lögreglan lagði hald á 61 gr af marihuanablöðum, stönglum og fræjum við húsleit 7. september 1982 á heimili Gunnars Ragnars og 7 gr af þessu efni við húsleit hjá Jakobi Má sama dag.

IV. ákæruliður.

Þann 3. september sl. fannst við leit að fikniefnum í pósti pakki, sem innihélt 242 gr af hassi. Pakki þessi var merktur Jakob Böðvarssyni, Æsu-felli 4, Reykjavík.

Við rannsókn kom í ljós, að nefndur Jakob, ákærði í máli þessu, var þá nýkominn úr ferð til Hollands ásamt meðákærða Gunnari Ragnari.

Þeir játuðu fljótlega í yfirheyrslum að hafa keypt hassefni í Hollandsferðinni, en framburðir voru að öðru leyti ónákvæmir og breytilegir í fyrstu. Sættu þeir báðir fimm daga gæsluvarðhaldi, meðan á rannsókn þessa máls stóð í heild, eins og fram hefur komið.

Samhljóða játuðu þeir að lokum að hafa ásamt ákærða A í lok ágúst 1982 skipulagt ferð til Hollands til kaupa og innflutnings á hassi. Kváðust þeir hafa keypt 1 kg af hassi í Amsterdam fyrir um 4.500 gyllini og falið meginhluta efnisins í gítar, sem að þeirra sögn A hafði útbúið í þessu skyni. Fluttu þeir svo efnið á þennan hátt hingað til lands 3. september sl. Áður sögðust þeir hafa sent nefnd 242 gr í pósti til landsins 29. ágúst sl. frá Brüssel, en það voru eftirstöðvar hasskílósin, sem þeir kváðust ekki hafa getað komið fyrir í umræddum gítar.

Jakob Már kvaðst hafa lagt 19.000 kr. til þessara kaupa, Gunnar Ragnar 11.000 kr. og A kváðu þeir hafa lagt fram 10.000 kr.

Lögreglan lagði hald á samtals 893 gr af þessu hasskíló, 389 gr á heimili Gunnars Ragnars, 262 gr á heimili A og póstpakkann, sem hafði að geyma 242 gr.

Jakob Már kvaðst hafa selt samtals 30 gr á 200 kr. hvert gramm af þessu efni nafngreindun aðiljum, og að sögn hans reyktu þeir Gunnar Ragnar

eitthvað af þessu efni, og þá fór eitthvað til spillis við pakkningu þessa hassefnis í Hollandi.

Einnig var lagt hald á ofangreindan gítar, sem notaður var við hass-smyglið.

Ákærði A kvað við yfirheyrslu vera rétt, að þeir Jakob Már hafi skipu-lagt ferð til fíkniefnakaupa og hafi hann lagt fram kr. 10.000 og gítar með geymsluhólfi í þessum tilgangi. Hann kvað svo Jakob Má hafa komið til sín 4. september sl. eftir utanlandsferð með hass falið í gítarnum. Hafi hann fengið af því 265 gr, en alls hafi hann átt að fá 350 gr af þessu hass-kilói. Hann sagðist hafa ætlað að selja mestan hluta efnisins.

Allir 3 ákærðu kváðu ofangreinda málsatvikalýsingu, sem fram kemur í IV. lið ákæruskjals, vera rétta hvað varðar þeirra hlut að henni og höfðu engar athugasemdir fram að færa, þegar þeim var birt ákæran.

Þrjú sýni úr þessu umtalað hasskilói voru send Rannsóknastofu í lyfja-fræði við Háskóla Íslands, en lögreglan lagði hald á hassið á þrem stöðum, eins og fram hefur komið. Með þrem bréfum, dagsettum 17. 12. 1982, var staðfest, að sýnin væru kannabis og magn tetrahydrókannabinóls í þeim var 5.4 mg/g, 9.5 mg/g og 9.7 mg/g.

Niðurstaða

Ákærðu hafa allir viðurkennt við rannsókn málsins þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir í IV liðum. Samkvæmt þeim játningum og gögnum málsins telst því sannað, að allir ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi, er í ákæruskjali greinir, . . . og að allir ákærðu hafi sameiginlega staðið að smygli á hassi hingað til lands í júlí:

Ákærðu Jakob Már og Gunnar Ragnar lögðu fram fé til kaupa á efninu, kr. 10.000 hvor, og ákærðu B og A skipulögðu för A til Amsterdam, þar sem hann keypti 280 gr af efninu, flutti falið í gítar til Reykjavíkur og afhenti ákærða B þar um 210 gr, en mismunurinn taldist eign A. Hluttur ákærða B taldist 105 gr og ákærðu Jakobs Mús og Gunnars Ragnars rúm 50 gr hvors, og seldi Jakob Már samtals um 45 gr af sínum skammti á kr. 215 hvert gramm og Gunnar Ragnar megnið af sínum efnishlut á kr. 220 hvert gramm.

Einnig að ákærðu Jakob Már og Gunnar Ragnar hafi síðsumars haft til meðferðar og eigin nota um 112 gr af marihuana, en 7. september lagði lögreglan hald á 61 gr efnisins á heimili Gunnars Ragnars og 7 gr á heimili Jakobs Mús.

Að lokum, að ákærðu Jakob Már, Gunnar Ragnar og B hafi í lok ágúst sammælt um og lagt fé til kaupa og innflutnings á hassi, Jakob Már lagði til kr. 19.000, Gunnar Ragnar kr. 11.000 og A kr. 10.000.

Ákærðu Jakob Már og Gunnar Ragnar keyptu um 1 kg efnisins í Amsterdam fyrir 4.500 - 5.000 gyllini og sendu 242 gr í pósti hingað til lands 29. ágúst frá Brüssel, en er sendingin barst til Keflavíkurflugvallar 3. september, lagði lögreglan hald á efnið. Eftirstöðvarnar földu ákærðu Jakob Már og Gunnar Ragnar í gítar, sem ákærði A hafði útbúið í þessu skyni, og fluttu þannig hingað til lands 3. september.

Þessu hasskilói, sem hér um ræðir, hugðust ákærðu Jakob Már, Gunnar Ragnar og A skipta með sér, og hafði Jakob Már selt samtals um 30 gr á kr. 200 hvert gramm, er lögreglan hafði afskipti af ákærðu og lagði hald á um 389 gr efnisins á heimili Gunnars Ragnars 7. september og 262 gr á heimili A 9. s.m.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Hafa ákærðu samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar, sem ber að tiltaka með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga.

— — —
 Þá er refsing allra ákærðu metin með hliðsjón af 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

— — —
 Refsing ákærða Gunnars Ragnars þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, en jafnframt með vísan til 49. og 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976, sbr. 1. gr. laga nr. 75, 1982, fésekt að upphæð kr. 10.000, er renni í ríkissjóð. Komi 20 daga fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir rétt með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga að ofangreindri refsivist til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða við rannsókn máls þessa, eða 5 dagar.

Refsing ákærða Jakobs Mús þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði og að auki 10.000 kr. sekt til viðbótar fangelsisivist, er renni í ríkissjóð, sbr. 49. og 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976 sbr. 1. gr. laga nr. 75, 1982 er afplánist með 20 daga fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Rétt þykir með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga að til frádráttar refsivist komi 5 daga gæsluvarðhald ákærða.

— — —
 Upptæk til eyðingar dæmast þau fíkniefni, er hald var lagt á við rannsókn málsins, sbr. 5. og 6. gr. laganna um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar, samtals 961 gr af kannabisefnum. Þá skal og gera upptæka tvo gítara, sem notaðir voru við fíkniefnasmygl.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 4.000 in solidum í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hrl.

Þá ber ákærða Jakob Má að greiða kr. 2.000 fyrir réttarsæslupóknun og ákærða Gunnari Ragnari einnig, sbr. 1. mgr. 142 gr. laga nr. 74, 1974.

Ákærðu Jakob Már, Gunnar Ragnar og A eru dæmdir in solidum til greiðslu greiningarkostnaðar á hassefnum, samtals kr. 5.865, sbr. 2. mgr. 142. gr. laga nr. 75, 1974.

D ó m s o r ð:

— — —
 Ákærði Gunnar Ragnar Gunnarsson, fæddur 18. maí 1961, sæti fangelsi í 3 mánuði og greiði kr. 10.000 í fésekt til ríkissjóðs. Refsivist til frádráttar komi 5 daga gæsluvarðhaldsvist, en 20 daga fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jakob Már Böðvarsson, fæddur 21. febrúar 1961, sæti fangelsi í 3 mánuði og greiði kr. 10.000 í sekt til ríkissjóðs, en í sektar stað komi 20 daga fangelsi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Refsivist til frádráttar komi 5 daga gæsluvarðhaldsvist.

— — —
 Ákærðu greiði allan málskostnað.

Upptæk til eyðingar dæmast þau 961 gr af kannabisefnum, sem lögreglan lagði hald á í máli þessu, og enn fremur tveir gítarar, sem notaðir voru við fíkniefnasmygl.
